# Rekstraryfirlit síðastliðinna ára

| | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Rekstrartekjur fiskvinnslu | 3.574.563.080 | 3.492.232.446 | 2.380.298.139 | 2.489.421.206 |
| Rekstrartekjur útgerðar | 2.405.456.008 | 2.305.894.581 | 1.837.182.542 | 1.826.621.605 |
| Afli til eigin vinnslu | (1.389.489.766) | (1.219.182.696) | (825.466.033) | (898.092.424) |
| Vörusala | 959.529.796 | 892.969.780 | 997.882.096 | 567.582.007 |
| Aðrar tekjur | 67.534.456 | 320.885.210 | 16.673.727 | 19.308.399 |
| | 5.617.593.574 | 5.792.799.320 | 4.406.570.471 | 4.004.840.793 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Rekstrargjöld fiskvinnslu | 2.943.037.699 | 2.649.730.917 | 1.920.525.606 | 1.936.294.961 |
| Rekstrargjöld útgerðar | 1.749.861.609 | 1.591.131.116 | 1.342.433.900 | 1.275.602.844 |
| Afli til eigin vinnslu | (1.389.489.766) | (1.219.182.696) | (825.466.033) | (898.092.424) |
| Kostnaðarverð seldra vara | 945.909.578 | 890.202.503 | 991.118.947 | 559.098.826 |
| Sameiginlegur kostnaður | 158.536.052 | 136.432.269 | 112.023.550 | 106.986.966 |
| | 4.407.855.172 | 4.048.314.109 | 3.540.635.970 | 2.979.891.173 |
| Hagnaður fyrir afskriftir | 1.209.738.402 | 1.744.485.212 | 865.934.501 | 1.024.949.620 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | (693.693.156) | (344.068.386) | (360.240.376) | (392.391.218) |
| Rekstrarhagnaður | 516.045.246 | 1.400.416.826 | 505.694.125 | 632.558.402 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 55.035.819 | (112.035.960) | (291.760) | 0 |
| Fjármunatekjur og (gjöld) | 216.379.326 | (1.011.565.418) | 33.557.837 | 281.240.359 |
| Reiknaður tekjuskattur | (151.649.318) | (69.754.341) | (97.043.921) | (99.607.345) |
| Hagnaður | 635.811.073 | 207.061.107 | 441.916.280 | 814.191.416 |
| Veltufé frá rekstri | 1.030.665.784 | 1.512.089.570 | 818.278.827 | 849.579.075 |

# Kennitölur

| **Úr rekstrarreikningi:** | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur | 21,53% | 30,11% | 19,65% | 25.59% |
| Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 1.209.738.402 | 1.744.485.212 | 865.934.500 | 1.024.949.620 |
| Arðsemi eigin fjár | 25,15% | 8,79% | 18,47% | 35,91% |
| **Úr efnahagsreikningi:** | | | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 1,55 | 2,58 | 0,96 | 1,93 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 29,61% | 26,48% | 27,40% | 31,10% |
| Innra virði hlutafjár - eigið fé/hlutafé | 1.74 | 1,62 | 1,52 | 1,6 |
| Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS) | 0,42 | 0,14 | 0,3 | 0,52 |
| **Úr sjóðstreymi:** | | | | |
| a) Skuldaþekja handbærs fjár | 0,10 | 0,13 | 0,02 | 0,12 |
| b) Gæði sölunnar | 0,99 | 1,01 | 0,97 | 1,00 |
| c) Gæði afkomunnar | 1,65 | 6,46 | 1,32 | 1,23 |

**a) Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum / heildarskuldir**
**b) Innborgaðar tekjur / bókfærðar tekjur**
**c) Handbært frá rekstri / afkoma**

# Stjórn Vinnslustöðvarinnar



**Gunnar Felixson, stjórnarformaður**
Kjörinn í stjórn í maí 2004.
Menntun: stúdentspróf frá Verslunarskóla Íslands 1960.
Starfsferill: Hóf störf hjá Tryggingamiðstöðinni árið 1960, aðstoðarforstjóri 1976 og forstjóri frá 1991 til 2005.



**Haraldur Gíslason, varaformaður**
Kjörinn í stjórn 1986.
Menntun: próf frá Verslunarskóla Íslands 1961.
Starf: sölustjóri.
Starfsferill: framkvæmdastjóri Heildverslunar Gísla Gíslasonar 1963-1973, skrifstofustjóri Fiskimjölsverksmiðjunnar frá 1969 og framkvæmdastjóri 1975-1992.
Sölustjóri mjölsöludeildar Vinnslustöðvarinnar frá 1992.



**Hjálmar Þór Kristjánsson**
Kjörinn í stjórn í maí 2003.
Menntun: fiskiðnaðarmaður.
Aðalstarf: framkvæmdastjóri KG fiskverkunar.



**Leifur Ársæll Leifsson**
Kjörinn í stjórn í maí 2005.
Menntun: húsasmíðameistari.
Aðalstarf: húsasmíði.
Starfsferill: trésmíði hjá Smiði hf., Tréverki ehf., Ármannsfelli hf., Skipaviðgerðum og Steina og Olla ehf. Sjálfstætt starfandi smiður síðastliðin 15 ár; hefur einnig verið til sjós hjá Ísleifi sf. og Ísfélagi Vestmannaeyja.



**Sigurjón Óskarsson**
Kjörinn í stjórn í maí 2003.
Menntun: vélstjóraréttindi 1962 og skipstjórnarréttindi 1965.
Starfsferill: skipstjóri og útgerðarmaður.

## Varamenn í stjórn



**Guðmundur Kristjánsson**
Kjörinn í stjórn í febrúar 2003.
Menntun: próf frá Verslunarskóla Íslands, nám í útgerðartækni í Tækniskóla Íslands, próf í viðskipta- og markaðsfræði í Bandaríkjunum 1986.
Starfsferill: framkvæmdastjóri útgerðarfélagsins Tjalds 1998-2005. Framkvæmdastjóri Brims hf. frá 2005.



**Kristín Elín Gísladóttir**
Kjörin í stjórn í maí 2006.
Menntun: Nám í Gagnfræðiskóla Vestmannaeyja.
Starfsferill: starfaði hjá Heildverslun GG, Prentsmiðjunni Eyrúnu, Útvegsbanka Íslands og hjá Gandí hf. sem útgerðarstjóri.

# Framkvæmdastjórn Vinnslustöðvarinnar



**Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri**
Menntun: búfræðipróf frá Bændaskólanum á Hvanneyri árið 1978, próf í þjóðhagfræði frá Háskóla Íslands 1991, MSc próf frá hagfræðideild University of York í Englandi 1992 með sérstaka áherslu á fjármál og fjárfestingar.
Starfsferill: lánasérfræðingur í Íslandsbanka í Vestmannaeyjum og síðar í lánaeftirliti Íslandsbanka í Reykjavík. Aðstoðarframkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar við sameiningu Meitilsins og Vinnslustöðvarinnar 1996 og framkvæmdastjóri frá 1999.



**Stefán Baldvin Friðriksson, aðstoðarframkvæmdastjóri**
Menntun: viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1992.
Starfsferill: starfsmaður Víkingbrugg 1992 og Fiskistofu 1993-1997.
Hóf störf hjá Vinnslustöðinni hf. árið 1997.



**Andrea Elín Atladóttir, fjármálastjóri**
Menntun: viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1997.
Starfsferill: lánasérfræðingur Íslandsbanka hf. 1997-2001.
Hóf störf hjá Vinnslustöðinni hf. árið 2001.



**Guðni Ingvar Guðnason, útgerðarstjóri**
Menntun: vélstjóri.
Starfsferill: vélstjóri á Huginn VE 1981, starfsmaður Skipalyftunnar í Vestmannaeyjum 1982-1985 og Samtogs hf. 1985-1989.
Hóf störf hjá Vinnslustöðinni hf. árið 1989.



**Sigurður Friðbjörnsson, verksmiðjustjóri**
Menntun: meistari í bifvélavirkjun frá Iðnskólanum í Vestmannaeyjum.
Starfsferill: bifvélavirkjun og síðar rekstur eigin vélaleigu og vöruflutninga á Vopnafirði. Rekstrarstjóri Vegagerðar ríkisins á Vopnafirði og síðar viðgerðarmaður og löndunarstjóri FÍVE í Eyjum frá 1981.
Hóf störf hjá Vinnslustöðinni árið 1992.



**Sigurjón Gísli Jónsson, framleiðslustjóri**
Menntun: sjávarútvegsfræðingur frá Háskólanum á Akureyri 2003.
Starfsferill: starfaði við fiskvinnslu og sjómennsku þar til hann fór í nám í sjávarútvegsfræði.
Hóf störf hjá Vinnslustöðinni árið 2003.

## Stjórnunarhættir

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. leggur ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum innan félagsins og hefur tekið tillit til leiðbeinandi tilmæla um stjórnunarhætti fyrirtækja sem gefin voru út af hálfu Kauphallar Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Verslunarráðs Íslands í mars 2004. Stjórnin hefur þó hvorki séð ástæðu til að skipa endurskoðunarnefnd né starfskjaranefnd. Stjórnin setti sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið sömuleiðis. Í þessum reglum eru meðal annars ákvæði um fundarsköp, hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, upplýsingargjöf framkvæmdastjóra, meðferð trúnaðarupplýsinga og fleira. Uppfylla reglur stjórnar fyrrgreind tilmæli og eru að sumu leyti ítarlegri en þar er kveðið á um.

## Hlutabréf og hluthafar

Hluthafar Vinnslustöðvarinnar hf. voru 399 í upphafi rekstrarársins en 283 í lok þess og hafði því fækkað um 116 á árinu. Tveir hluthafar reyndust eiga yfir 10% í félaginu í lok rekstrarársins: Seil ehf. (23,93%) og Stilla ehf. (18,31%). Hluthafar, sem eiga samtals 50,04% hlut í Vinnslustöðinni hf., gerðu með sér samkomulag 16. apríl 2007 um stjórnun og rekstur félagsins. Af 37. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti leiðir að þeim var þar með skylt að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð. Var það lagt fram 9. maí 2007 og í kjölfar þess var óskað eftir því við stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. að hlutabréf hennar yrðu afskráð úr kauphöllinni OMX. Í upphafi júnímánaðar lagði Stilla ehf. fram samkeppnistilboð til hluthafa. Beiðni um afskráningu félagsins úr kauphöllinni var send OMX og nú í janúarmánuði 2008 var samþykkt að félagið yrði afskráð úr kauphöllinni 14. nóvember 2008.

### Tíu stærstu hluthafar í árslok 2007

| Nafn | Hlutafé | % |
|---|---|---|
| Seil ehf. | 374.459.320 | 23,93 |
| Stilla útgerð ehf. | 286.546.134 | 18,31 |
| Línuskip ehf. | 117.089.853 | 7,48 |
| Öxnafell ehf. | 97.541.706 | 6,23 |
| Leifur Ársælsson | 96.344.440 | 6,16 |
| Lífeyrissj. Vestmannaeyja | 83.246.039 | 5,32 |
| LI-Hedge | 65.199.808 | 4,17 |
| Vinnslustöðin hf. | 60.795.143 | 3,88 |
| Nöf ehf. | 48.443.256 | 3,10 |
| Kristín Elín Gísladóttir | 43.666.274 | 2,79 |

## Arðgreiðslustefna

Stefna Vinnslustöðvarinnar hf. er að greiða hluthöfum árlegan arð af hlutabréfum sínum í félaginu þegar aðstæður leyfa.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. lagði fram tillögu um að greiða hluthöfum arð fyrir rekstrarárið 2007. Arðgreiðslan nemur 30% af nafnverði hlutabréfa í félaginu eins og fram kom í tilkynningu félagsins til kauphallarinnar OMX við birtingu ársuppgjörs 7. febrúar 2008.

## Atburðir sem áttu sér stað að loknu rekstrarári en fyrir aðalfund

Vinnslustöðin hf festi kaup á 35% hlut í félaginu Ufsabergi-útgerð ehf. í byrjun árs 2008. Ufsaberg-útgerð ehf. gerir út togbátinn Gullberg VE-292. Samhliða kaupum á hlutafénu gerðu félögin með sér samkomulag um að Vinnslustöðin hf tæki yfir rekstur Gullbergs ásamt aflaheimildum þess. Kaup þessi er liður í endurnýjun á fiskiskipaflota Vinnslustöðvarinnar hf og hefur félagið tekið við útgerðarstjórnun skipsins.

Skömmu fyrir aðalfund voru opnuð tilboð í útboði á vegum Ríkiskaupa vegna rekstur og eignarhalds á farþegaferju sem sigla mun milli Vestmannaeyja og Bakkafjöru. Vinnslustöðin hf og Vestmannaeyjabær buðu í verkið fyrir hönd óstofnaðs hlutafélags. Í ljós kom að ferja þessara bjóðenda var sú eina sem uppfyllti skilyrði verkkaupa. Þegar þetta er skrifað eru hafnar samningaviðræður stjórnvalda og bjóðenda en endanleg niðurstaða ekki fengin.

## Fjárfestingar

Á árinu 2007 var ráðist í byggingu 5.500 tonna frystigeymslu og var hún tekin í notkun í lok febrúar 2008. Frystigeymslan veitir félaginu betri tök á að stjórna afhendingu afurða en áður hefur verið mögulegt. Einnig hóf félagið byggingu tveggja hráefnistanka við fiskimjölsverksmiðju félagsins. Hvor tankur um sig tekur um 2.500 tonn. Fyrri tankurinn var, líkt og frystigeymslan, tekinn í notkun á nýliðinni loðnuvertíð 2008. Þá hefur verið hafist handa við framkvæmdir á svæði undir lýsistanka og hugsanlega olíutanka við fiskimjölverksmiðjuna og gert er ráð fyrir að þeim ljúki sumarið 2008.



*Nýja frystigeymslan var tekin í gagnið í febrúar 2008.*

## Fjárhagsleg áhætta og stjórnun hennar

Vinnslustöðin hf. býr við fjárhagslega áhættu vegna gengis, vaxta, útlána og lausafjár.

Tekjur félagsins eru að langmestu leyti í erlendum myntum en kostnaður hins vegar að mestu í íslenskum krónum. Af því skapast gengisáhætta sem er helsta fjárhagslega áhætta félagsins. Henni er stjórnað með því að skuldir eru hafðar að mestu leyti í erlendum gjaldmiðlum og auk þess eru afleiðusamningar notaðir til að draga úr gjaldeyrisáhættu. Stjórn félagsins hefur sett stjórnendum þess skýrar reglur um umfang leyfilegra, framvirkra gjaldeyrissamninga.

Þar sem fjármögnun félagsins byggist að mestu leyti upp á langtímaskuldum í erlendri mynt, sem bera breytilega vexti, skapast vaxtaáhætta í félaginu. Stjórnun vaxtaáhættu er á þann veg að samsetning lána er dreifð til að félagið verði ekki viðkvæmt fyrir breytingu vaxta hverra einstakra mynta í lánasafni félagsins.

Stefna Vinnslustöðvarinnar varðandi útlánaáhættu er að hafa útlán ávallt í eðlilegu samhengi við heildarefnahag félagsins. Gagna er aflað um skuldara eins og mögulegt er áður en til útlána er stofnað og útlán eru tryggð þegar talin er ástæða til þess.

Lausafjárstaða félagsins er sterk. Stjórnun lausafjáráhættu felst í að lausar eignir standi vel undir afborgunum og greiðslum skulda í náinni framtíð.

# Hlutdeildarfélög

## Huginn ehf.

Tekjur útgerðarfélagsins Hugins ehf. voru 836 milljónir króna á rekstrarárinu og framlegð félagsins var 189 milljónir króna. Hagnaður félagsins eftir skatta nam 105 milljónum króna, þar af nam gengishagnaður 77 milljónum króna. Hlutdeild Vinnslustöðvarinnar í hagnaði ársins nam 51 milljón króna.

## About Fish ehf.

Tekjur sölufyrirtækisins About Fish ehf. á árinu 2007 voru 1.786 milljónir króna og framlegð félagsins var neikvæð um 11 milljónir króna. Hagnaður eftir skatta nam rúmum 9 milljónum króna og var hlutdeild Vinnslustöðvarinnar í hagnaði tæplega 5 milljónir króna.

# Markaður og samkeppni

Vinnslustöðin hefur jafnt og þétt aukið sölu afurða sinna á eigin vegum, bæði undir eigin merkjum og með hlutdeildarfyrirtæki sínu, About Fish ehf. Þekking á viðskiptavinum sínum er hverju fyrirtæki nauðsynleg. Vinnslustöðin hefur þannig stigið sín fyrstu skref í átt að eigin markaðssetningu afurða sinna. Á þann hátt skynjar fyrirtækið þróun markaða og stefnu og getur brugðist við með réttum hætti. Markaðsstarf er því eins konar áttaviti fyrirtækisins.

Almennt var afurðaverð hátt á árinu 2007. Afurðaverð á lýsi og mjöli lækkaði frá árinu á undan en er eigi að síður mjög hátt sögulega séð. Verð á frystum síldarafurðum átti þó undir högg að sækja. Þá var mikil spurn eftir frystri loðnu og loðnuhrognum og einnig eftir afurðum bolfisks. Verð á söltuðum þorski var mjög hátt á síðasta ári og eftirspurn mikil. Hið sama á við um flestar aðrar bolfisktegundir ef karfi er undanskilinn. Þar lækkaði verð og sölutregða var talsverð, einkum á seinni hluta ársins. Gott ástand var á markaði fyrir humarafurðir, eftirspurn mikil og verð tiltölulega hátt.

Í upphafi árs 2008 er spurn eftir afurðum Vinnslustöðvarinnar góð. Hættumerki fjármálakreppu í heiminum vofir hins vegar yfir þótt ekki séu komin fram teljandi merki um sölutregðu eða verðlækkanir þegar þetta er skrifað.

# Horft til framtíðar

Rekstrarhorfur á yfirstandandi rekstrarári eru óvissar eins og nokkur undanfarin ár. Loðnuveiðar hafa mikla þýðingu fyrir Vinnslustöðina. Þar sem útgefinn loðnukvóti var lítill á yfirstandandi ári mun það hafa mikil áhrif á afkomu félagsins. Þá voru aflaheimildir í þorski skornar umtalsvert niður á yfirstandandi fiskveiðiári. Þrátt fyrir verðlækkun einstakra, mikilvægra afurðaflokka Vinnslustöðvarinnar er fiskverð á erlendum mörkuðum enn hátt þegar litið er til sögunnar, þrátt fyrir ýmis merki verðlækkunar að undanförnu. Þá hefur lækkandi gengi krónunnar jákvæð áhrif á rekstrarhorfur félagsins.

# Skýrsla stjórnarformanns



Árið 2007 var Vinnslustöðinni hagstætt líkt og mörg undanfarin ár. Framlegð félagsins var góð þrátt fyrir að hún minnkaði frá fyrra ári. Þegar við lítum yfir rekstrarafkomu félagsins, allt frá því í erfiðleikum þess árið 1999, geta hluthafar verið ánægðir.

Eftir endurskipulagningu í rekstri félagsins árið 1999 hefur framlegð þess verið nokkuð stöðug. Ef við horfum til síðustu sjö ára hefur framlegð félagsins verið að jafnaði um 1.100 milljónir króna. Rekstrarárangur félagsins hefur því verið stöðugur og góður. Á tímabilinu hafa vissulega verið sveiflur, krónan styrkst og veikst til skiptis, loðnuveiði verið góð framan af en minnkað mikið hin síðari ár, líkt og aflamark í þorski.

**Heildarúthlutun fiskveiðiheimilda**




Loðna og þorskur eru tvær af mikilvægustu fisktegundum Vinnslustöðvarinnar þegar litið er til rekstrartekna. Það er því einkar ánægjulegt hversu vel félaginu hefur tekist að spila úr sínum spilum. Á vinstri ás meðfylgjandi línurits sjáum við þorskkvótann, sem var 250 þúsund tonn við upphaf tímabilsins, en í lok tímabils var hann kominn niður í 130 þúsund tonn á yfirstandandi ári. Á hægri ás er loðnukvótinn. Í upphafi tímabilsins var hann um eða yfir 1.000 tonn en er nú kominn niður fyrir 200 þúsund tonn. Hlutdeild Vinnslustöðvarinnar í loðnukvóta landsmanna er nú liðlega 10%. Það er því augljóst að í þessum samdrætti hefur reynt á hæfileika stjórnar, stjórnenda og starfsmanna við að laga félagið að breyttum aðstæðum. Hingað til hefur það gengið vel.

Í þessu samhengi má ekki gleyma þætti fiskveiðistjórnunarinnar sem gert hefur fyrirtækjum á borð við Vinnslustöðina mögulegt að hagræða í rekstri sínum eins og dæmið hér að framan sýnir og sannar. Ef fiskveiðistjórnarkerfið hefði ekki skapað sjávarútvegsfyrirtækjum slíkar aðstæður væri staða Vinnslustöðvarinnar vafalaust verri nú en hún er í raun og veru.

Það er líka ánægjulegt og líta um öxl og sjá að rekstrartekjur félagsins hafa vaxið, hvort heldur á landi eða sjó. Í landvinnslu, frystingu, söltun og bræðslu hafa tekjur aukist jafnt og þétt með tilheyrandi, bættri nýtingu fastafjármuna. Á því er full þörf og á þeirri braut verður félagið að halda áfram.

Heildarafli skipa Vinnslustöðvarinnr hefur á liðnum fimm árum verið 70-80 þúsund tonn. Í tonnum talið vegur uppsjávarafli að sjálfsögðu þyngst. Aflaverðmætið hefur hins vegar aukist jafnt og þétt. Bæði hefur fiskverð hækkað og afla skipa félagsins hefur verið ráðstafað í verðmeiri afurðaflokka.

Úthlutaðar veiðiheimildir Vinnslustöðvarinnar hf. á yfirstandandi fiskveiðiári, sem hófst 1. september 2007, námu 15.291 þorskígildistonni eftir endanlega úthlutun í loðnu í febrúar 2008. Þær minnkuðu um 23% frá fyrra ári eða um 4.646 þorskígildistonn. Þar af voru bolfiskheimildir um 60% af heildarþorskígildum.

Tekjur félagsins af starfseminni í Eyjum hafa vaxið jafnt og þétt. Ef við horfum yfir fimm ára tímabil sést að vöxtur tekna hefur fyrst og fremst verið á uppsjávarsviði. Þetta hefur gerst þrátt fyrir talsverðan samdrátt í loðnuveiðum, sérstaklega síðustu tvö árin.

Árið 2007 hófst undirbúningur að byggingu uppsjávarfrystihúss auk byggingar hráefnis- og lýsistanka við fiskimjölsverksmiðju félagsins. Fyrsti áfangi frystihússins var bygging frystigeymslu sem rúmar 5-6.000 tonn af afurðum en geymslan var tekin í notkun í upphafi árs 2008. Annar áfangi verksins, niðurbrot norðurhúss núverandi fiskvinnsluhúsa var boðinn út í árslok síðasta árs. Í ljósi lítils loðnukvóta á nýliðinni vertíð, og óvissu á fjármálamörkuðum, ákvað stjórn félagsins að fresta uppbyggingu uppsjávarvinnslunnar um eitt ár. En það verður að sjálfsögðu í höndum nýrrar stjórnar að ákveða um framhaldið. Í mínum huga er hins vegar engum vafa undirorpið að framundan er tími uppbyggingar á skipastól og húsakosti félagsins. Þá verður félagið að marka sér skýra stefnu við framtíðaruppbyggingu félagsins. Það verður meðal annars gert með því að hefja markvissa vinnu við uppbyggingu markaðsstarfs afurða. Með uppbyggingu skipa og húsnæðis, markvissu markaðsstarfi og skýrri framtíðarsýn mun Vinnslustöðin skipa sér í hóp framsæknustu fyrirtækja í sjávarútvegi.

Í árslok 2006 hélt Vinnslustöðin hf. upp á 60 ára afmæli sitt. Allir sem kynnt hafa sér sögu Vinnslustöðvarinnar, eða þekkja hana af eigin raun, vita að þar hefur gengið á með skini og skúrum, velgengni á stundum en einnig erfiðleikum og jafnvel átökum. Það segir sína sögu um gengi félagsins undanfarin ár að Vinnslustöðin er tvímælalaust einn af máttarstólpum atvinnulífs í Eyjum með styrka innviði.

Ég nefni þetta vegna þeirrar staðreyndar að fjallað hefur verið talsvert um ágreining í hluthafahópi Vinnslustöðvarinnar undanfarin misseri. Í aprílmánuði 2007 gerði hópur hluthafa, undir nafninu Eyjamenn, með sér samkomulag í krafti 50,04% hlutafjár um stjórnun og rekstur félagsins. Í kjölfarið var Eyjamönnum skylt að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð og var það lagt fram eftir síðasta aðalfund félagsins í maí 2007. Skömmu seinna gerði Stilla ehf. samkeppnistilboð á talsvert hærra gengi. Bæði tilboðin stóðu til seinni hluta ágúst 2007. Óverulegar breytingar urðu á hluthafahópi félagsins í tengslum við tilboðin. Í kjölfarið óskaði stjórn Vinnslustöðvarinnar, ásamt hluthafafundi, eftir afskráningu Vinnslustöðvarinnar hf. úr kauphöllinni OMX. Nú er ljóst að Vinnslustöðin verður afskráð úr kauphöllinni 14. nóvember 2008.

Ég leyfi mér að láta í ljósi von um að deilum í röðum hluthafa linni enda bitna þau fyrst og fremst á félaginu sjálfu. Eðli máls samkvæmt er farsælast að hluthafar séu samstilltur hópur undir árum og noti krafta sína til að róa í sömu átt.

Stjórn og stjórnendur mega aldrei kvika frá því meginmarkmiði að sjá til þess að rekstrar- og fjárfestingarákvarðanir verði teknar á grundvelli arðsemi og bestu upplýsinga á hverjum tíma um hvernig laga megi reksturinn að þörfum markaðarins í framtíðinni. Þegar við horfum til stöðu félagsins í dag, á þeim óróatímum á fjármálamarkaði sem upp hafa runnið á fyrstu mánuðum ársins 2008, sjáum við að stjórn og stjórnendur félagsins hafa búið félagið vel undir slíka óvissu. Félagið er fjárhagslega sterkt og rekstur þess til fyrirmyndar. Með aðhaldssemi og yfirveguðum ákvörðunum undanfarinna ára er félagið vel í stakk búið til að takast á við áskoranir framtíðarinnar.

Ég færi stjórn, stjórnendum og starfsmönnum félagsins bestu þakkir fyrir vel unnin störf á árinu 2007.

Gunnar Felixson

## Tekjur án vörusölu




## Framlegð (EBITDA)




## Rekstrartekjur landvinnslu og framleiðsla




## Rekstrartekjur útgerðar og afli



## Starfsemin 2007



*Áhöfnin á Gandí VE-171. Frá vinstri: Michal Ostolski, Árni Guðjón Hilmarsson, Gísli Ingólfsson, Kristján Hilmarsson, Jouni Allan Forsgrén og Skúli Skúlason skipstjóri..*

## Starfmenn, mannauður

Starfsmenn Vinnslustöðvarinnar hf. voru að meðaltali 204 á rekstrarárinu. Heildarlaunagreiðslur félagsins námu 1.194 milljónum króna en voru 1.059 milljónir króna árið áður. Alls komust 532 á launaskrá hjá félaginu en árið áður voru þeir 562. Í fyrirtækinu er starfandi starfsmannafélag með rúmlega 100 félagsmönnum. Félagið stóð fyrir ýmsum viðburðum á starfsárinu og stefnir á utanlandsferð haustið 2008.

## Starfsemin 2007

Starfsemi Vinnslustöðvarinnar hf. gekk ágætlega á árinu 2007. Áhrif skerðingar aflamarks í þorski voru þá ekki komin fram en þau munu segja mjög til sín í afkomu félagsins á næstu árum. Afurðaverð var hátt á flestum mörkuðum en tók að lækka á mörgum afurðum þegar leið á árið. Gengi íslenskrar krónu var félaginu ekki hagstætt á rekstrarárinu.

**Þorskígildi**



# Starfsemin 2007 - rekstrartekjur, rekstrargjöld og afkoma

## Rekstrartekjur

Rekstur Vinnslustöðvarinnar hf. gekk ágætlega á rekstrarárinu 1. janúar–31. desember 2007. Rekstrartekjur námu 5.550 milljónum króna og jukust um 78 milljónir króna frá árinu áður eða um 1,43%. Rekstrartekjur félagsins voru 4.591 milljón króna á árinu, að undanskilinni vörusölu (þ.e. endursölu mjöl- og lýsisafurða). Hafa þarf í huga að samanburðartölum frá árinu 2006 hefur verið breytt í samræmi við IFRS, alþjóðlega reikningsstaðla, sem félagið notar nú í reikningsskilum sínum. Samanburðartölur frá árinu 2006 eru því ekki þær sömu og eru í ársskýrslu fyrir árið 2006.
Rekstrartekjur landvinnsludeilda félagsins jukust lítillega eða um 2%. Rekstrartekjur humar- og loðnuvinnslu jukust töluvert en tekjur annarra deilda landvinnslunnar drógust saman.

Rekstrartekjur útgerðar félagsins jukust frá fyrra ári um 7% og stafaði aukningin einkum af veiðum uppsjávarveiðiskipa félagsins. Aflaverðmæti uppsjávarveiðiskipa félagsins jókst um 14% en aflaverðmæti botnfiskveiðiskipa jókst lítillega eða um ríflega 1%.

## Rekstrargjöld

Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar og afskrifta voru 4.407 milljónir króna og jukust um 360 milljónir króna frá árinu áður eða um tæplega 9% frá fyrra ári. Aukningin felst fyrst og fremst í aukafyrningum vegna áætlaðs niðurrifs á hluta af húsnæði félagsins og virðisrýrnun aflaheimilda í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru jákvæð um 216 milljónir króna en voru hins vegar neikvæð um 1.011 milljónir króna árið 2006. Gengishagnaður nam 423 milljónum króna en á rekstrarárinu 2006 var hins vegar 796 milljóna króna gengistap.



*Hjördís Inga Pálsdóttir.*



*Óðinn Kristjánsson, Ágúst Einarsson og Viðar Sigurbjörnsson.*



*Olga Möller og Birgitta Ósk Rúnarsdóttir.*

## Afkoma

Framlegð var 1.210 milljónir króna á rekstrarárinu og dróst saman um 535 milljónir króna frá fyrra ári. Þess ber þó að geta að framlegð ársins 2006 innihélt söluhagnað aflaheimilda að fjárhæð tæplega 300 milljónir króna. Framlegðarhlutfall félagsins lækkaði frá fyrra ári úr 30,1% í 21,5%. Framlegðarhlutfall landvinnsludeilda, án sameiginlegs kostnaðar, dróst saman um 6% frá fyrra ári. Framlegðarhlutfall útgerðar, reiknað á sama hátt, lækkaði einnig eða um 4%.
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna Hugins ehf. og About Fish ehf. nam 55 milljónum króna.

Hagnaður Vinnslustöðvarinnar hf. á rekstrarárinu 1. janúar-31. desember 2007 var 636 milljónir króna, að teknu tilliti til 152 milljón króna skatta, og jókst um 429 milljónir frá fyrra ári þegar hann var 207 milljónir króna.

**Þróun tekna og EBITDA**



## Mannlíf í Vinnslustöðinni



*Þórður Hallgrímsson og Jóhann B. Georgsson.*



*Hulda Ástvaldsdóttir.*



*Guðjón Jónsson.*



*Bjarni Árnason, Páll Pálmason og Konráð Einarsson.*



*Jóhann Hjartarson.*



*Bjarni Kristmundsson og Grettir I. Guðmundsson.*



*Arnar Vignisson (Addi í London).*



*Silja Rós Guðjónsdóttir.*

# Starfsemin 2007 - efnahagur og sjóðstreymi

## Efnahagur

Heildarniðurstaða efnahagsreiknings Vinnslustöðvarinnar hf. í lok rekstarársins 2007 var 8.850 milljónir króna og lækkaði um 348 milljónir króna frá fyrra ári. Heildarskuldir og skuldbindingar Vinnslustöðvarinnar hf. lækkuðu um 533 milljónir króna frá upphafi árs til ársloka og eru 6.229 milljónir króna. Nettóskuldir eru 4.055 milljónir króna en þær voru 4.558 milljónir króna í lok síðasta árs og lækkuðu því um 503 milljónir króna.

Veltufjárhlutfall félagsins var 1,55 í lok ársins sem var talsverð lækkun frá árinu áður þegar það var 2,58.

Eigið fé Vinnslustöðvarinnar hf. var í árslok 2.620 milljónir króna eða 29,6% af heildarefnahag og hækkaði úr 26,5% frá fyrra ári.



*Kaffitími á skrifstofunni. Frá vinstri: Stefán Friðriksson, Sindri Viðarsson, Jóhann R. Sigurðsson, Ingibjörg Finnbogadóttir, Guðbjörg Guðjónsdóttir, Ellý R. Gunnlaugsdóttir, Hermann Kr. Jónsson, Þór Vilhjálmsson, Ingibjörg Sigurjónsdóttir og Guðni I. Guðnason.*

## Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri var 1.031 milljón króna og dróst saman um 481 milljón króna frá árinu áður. Handbært fé frá rekstri var 1.051 milljón króna og dróst einnig saman eða um 287 milljónir króna.

Nettófjárfestingarhreyfingar voru 309 milljónir króna og jukust mikið frá síðasta rekstrarári eða um 576 milljónir króna. Ráðist var í miklar fjárfestingar á árinu og ber þar helst að nefna byggingu frystigeymslu félagsins.

### Veltufé frá rekstri



## Starfsemin 2007 - aflabrögð og útgerð

### Aflabrögð

Heildarafli skipa félagsins var tæp 78.600 tonn en var rúmlega 68.600 tonn árið áður. Aukningin frá fyrra ári er því tæp 10.000 tonn.

Aflaverðmætið var 2.158 milljónir króna en 2.020 milljónir króna árið 2006, sem jafngildir tæplega 7% aukningu.

Afla að verðmæti 1.389 milljónir króna var landað til eigin vinnslu en það svaraði til 64% af heildaraflaverðmæti skipanna. Til samanburðar nam verðmæti landaðs afla af eigin skipum 1.219 milljónum króna eða 60% af heildaraflaverðmæti árið 2006.

### Útgerð

Vinnslustöðin hf. gerði út eftirtalin skip á rekstrarárinu 2007: netabátana Kap II VE-7 og Gandí VE-171, neta- og togbátinn Brynjólf VE-3, togbátinn Drangavík VE-80, togarann Jón Vídalín VE-82 og nótaskipin Ísleif VE-63, Kap VE-4 og Sighvat Bjarnason VE-81.




*Starfsmenn og starfsemi Vinnslustöðvarinnar voru í kastljósum þáttarins Íslands í dag á Stöð 2 í kjölfar heimsóknar sjónvarpsmanna til Eyja. Frá vinstri: Inga Lind Karlsdóttir dagskrárgerðarmaður, Sigurgeir B. Kristgeirsson - Binni, Elísabet Ólafsdóttir og Björn Sigurðsson kvikmyndatökumaður.*

| | 2007 | | 2006 | |
|---|---|---|---|---|
| | Afli í tonnum | Verðmæti (mkr.) | Afli í tonnum | Verðmæti (mkr.) |
| Brynjólfur VE - 3 | 1.622 | 270 | 978 | 140 |
| Gandí VE - 171 | 541 | 112 | 1.030 | 169 |
| Drangavík VE - 80 | 2.648 | 400 | 2.833 | 383 |
| Jón Vídalín VE - 82 | 3.151 | 386 | 3.505 | 414 |
| Kap VE - 4 | 30.921 | 399 | 28.933 | 398 |
| Ísleifur VE - 63 | 5.307 | 79 | | |
| Kap II VE - 4 | 229 | 44 | 775 | 102 |
| Sighvatur Bjarnason VE - 81 | 34.118 | 468 | 30.593 | 414 |
| **Alls** | **78.537** | **2.158** | **68.647** | **2.020** |

# Starfsemin 2007 - aflaheimildir

## Aflaheimildir

Bolfiskaflaheimildir félagsins á yfirstandandi fiskveiðiári, sem hófst 1. september 2007, eru 9.222 þorskígildistonn en voru 11.123 þorskígildistonn á fiskveiðiárinu 2006-2007. Aflaheimildir í uppsjávarfiski, rækju og humri, eru 6.069 þorskígildistonn en voru 8.814 tonn á fiskveiðiárinu 2006-2007.

### Skipting aflaheimilda í þorskígildum




| | 2007 - 2008 | | | 2006 - 2007 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bolfiskheimildir** | **Tonn** | **Þorskígildi** | **% af úthlutun** | **Tonn** | **Þorskígildi** | **% af úthlutun** |
| Þorskur | 2.325 | 2.325 | 2,3072% | 3.568 | 3.568 | 2,3072% |
| Ýsa | 2.104 | 1.725 | 2,8262% | 2.381 | 1.928 | 2,8262% |
| Ufsi | 3.290 | 1.415 | 5,3884% | 3.518 | 1.477 | 5,3884% |
| Karfi | 3.521 | 2.113 | 6,1769% | 3.521 | 2.429 | 6,1769% |
| Steinbítur | 76 | 52 | 0,7496% | 79 | 56 | 0,7496% |
| Úthafskarfi | 162 | 112 | 0,7686% | 220 | 161 | 0,7686% |
| Grálúða | 352 | 588 | 2,5538% | 352 | 698 | 2,5538% |
| Skarkoli | 242 | 247 | 4,0469% | 223 | 264 | 4,0469% |
| Sandkoli | 57 | 22 | 4,1609% | 77 | 37 | 4,1609% |
| Skrápflúra | 36 | 10 | 3,8951% | 54 | 25 | 3,8951% |
| Þykkvalúra | 70 | 102 | 3,4392% | 63 | 91 | 3,4392% |
| Langlúra | 78 | 41 | 3,5492% | 78 | 46 | 3,5492% |
| Langa | 279 | 179 | 4,9816% | 199 | 120 | 4,9816% |
| Keila | 58 | 22 | 1,1713% | 53 | 20 | 1,1713% |
| Skötuselur | 154 | 271 | 3,9733% | 107 | 193 | 3,9733% |
| NÍ-þorskur | 0 | 0 | 0,5171% | 10 | 10 | 0,5171% |
| **Bolfiskur alls** | **12.804** | **9.222** | | **14.503** | **11.123** | |
| **Aðrar veiðiheimildir** | | | | | | |
| Humar | 102 | 515 | 15,6202% | 87 | 555 | 15,6202% |
| Rækja | 44 | 25 | 0,6235% | 44 | 29 | 0,6235% |
| Síld | 14.973 | 1.497 | 9,9818% | 12.976 | 1.687 | 9,9818% |
| Loðna | 15.625 | 1.406 | 10,2531% | 30.784 | 3.078 | 10,2531% |
| NÍ-síld | 15.012 | 2.102 | 6,8158% | 12.659 | 2.912 | 6,8158% |
| Kolmunni | 7.478 | 523 | 3,6869% | 11.050 | 553 | 3,6869% |
| **Aðrar veiðiheimildir alls** | **53.234** | **6.069** | | **67.600** | **8.814** | |
| **Veiðiheimildir alls** | **66.038** | **15.291** | | **82.103** | **19.937** | |

Aflaheimildir í loðnu eru reiknaðar út miðað við 152 þús. tonna heildarúthlutun frá febrúar 2008.

# Karlarnir í brúnni


*Kap að veiðum.*


*Helgi Valdimarsson, skipstjóri á Kap VE-4.*


*Gísli Garðarsson, skipstjóri á Ísleifi VE-63.*


*Guðmundur Ásbjörnsson, skipstjóri á Brynjólfi VE-3.*


*Jón Eyfjörð , skipstjóri á Sighvati Bjarnasyni VE-81.*



*Magnús Ríkharðsson, skipstjóri á Drangavík VE-80.*


*Skúli Skúlason, skipstjóri á Gandí VE-171.*


*Sverrir Gunnlaugsson, áður skipsstjóri á Jóni Vídalín VE-82, nú á Gullbergi VE-292.*

## Starfsemin 2007 - fiskimjölsverksmiðja

Framleiðslutekjur fiskimjölsverksmiðju félagsins námu alls 1.339 milljónum króna árið 2007 en voru 1.620 milljónir króna árið 2006. Þær minnkuðu því um 281 milljón króna eða um 17%. Mjöl- og lýsisverð var tiltölulega hátt á árinu.

Aðkeypt hráefni var 74.103 tonn á árinu 2007 en 80.870 tonn árið áður. Alls voru brædd 30.818 tonn af loðnu, 25.215 tonn af síld, 13.770 tonn af kolmunna og 4.300 tonn af makríl. Aðkeypt hráefni til bræðslu á árinu 2007 var tæpum 7.000 tonnum minna en á árinu þar á undan. Loðnubræðsla jókst um tæp 7.000 tonn frá fyrra ári á en bræðsla á kolmunna minnkaði um rúm 15.000 tonn.

### Heildarframleiðsla fiskimjölsverksmiðjunnar

| | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hráefni** | **Tonn** | **Tonn** | **Tonn** | **Tonn** | **Tonn** | **Tonn** |
| Loðna | 30.818 | 24.123 | 41.104 | 30.258 | 46.960 | 64.145 |
| Síld | 25.215 | 27.568 | 10.605 | 16.185 | 20.403 | 11.834 |
| Kolmunni og makríll | 18.070 | 29.179 | 11.862 | 15.641 | 17.200 | 7.844 |
| Alls | 74.103 | 80.870 | 63.571 | 62.084 | 84.563 | 83.823 |

| | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Afurðir** | **Tonn** | **Tonn** | **Tonn** | **Tonn** | **Tonn** | **Tonn** |
| Fiskimjöl | 13.805 | 15.076 | 11.375 | 11.955 | 15.080 | 15.278 |
| Lýsi | 5.413 | 6.016 | 3.658 | 3.673 | 5.406 | 6.231 |



*Sigurbjörn Hilmarsson stýrimaður í brúnni á Brynjólfi VE-3.*

## Starfsemin 2007 - landvinnsla og framleiðsla

Framleidd voru rúmlega 11.100 tonn af afurðum í landvinnslu Vinnslustöðvarinnar hf. á rekstrarárinu 2007, sem er um 500 tonnum meira en árið áður þegar framleiðslan var liðlega 10.600 tonn. Meira var framleitt af loðnuhrognum en árið áður og skýrir það aukninguna að mestu.

Samtals voru framleidd um 5.700 tonn af loðnu og loðnuhrognum en árið 2006 alls um 5.100 tonn. Afurðaverð hækkaði á árinu bæði á loðnu og loðnuhrognum.

Á árinu voru framleidd rúmlega 3.100 tonn af síldarafurðum á móti rúmum 3.000 tonnum á árinu 2006. Verð fyrir frystar síldarafurðir var ágætt á árinu.

Þá voru framleidd rúmlega 1.300 tonn af saltfiskafurðum á móti rúmlega 1.500 tonnum árið áður. Um 630 tonn voru framleidd af söltuðum þorskafurðum og um 690 tonn af söltuðum ufsa. Var þá framleitt minna af söltuðum þorski en árið áður en meira af söltuðum ufsa. Verð á saltfiski var hátt á árinu 2007.

Framleidd voru 742 tonn af frosnum og ferskum flakaafurðum þorsks, ufsa og karfa á móti 739 tonnum árið áður. Af humarafurðum voru framleidd 260 tonn á árinu sem er um 45 tonnum meira en 2006.

| | 2007 | | 2006 | | 2005 | | 2004 | | 2003 | | 2002 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tegund | Tonn | Þús. kr. | Tonn | Þús. kr. | Tonn | Þús. kr. | Tonn | Þús. kr. | Tonn | Þús. kr. | Tonn | Þús. kr. |
| Saltaðar afurðir | 1.323 | 495.552 | 1.512 | 554.926 | 929 | 270.770 | 857 | 345.385 | 1.222 | 480.000 | 1.890 | 679.000 |
| Landfrystar bolfiskafurðir | 742 | 252.496 | 739 | 292.833 | 994 | 299.945 | 1.205 | 399.973 | 1.130 | 353.000 | 1.580 | 585.000 |
| Frysting uppsjávarfiska | 8.801 | 1.084.046 | 8.147 | 804.312 | 9.265 | 851.157 | 7.238 | 715.368 | 4.707 | 374.000 | 3.989 | 317.000 |
| Humar | 259 | 366.436 | 215 | 266.898 | 235 | 204.512 | 230 | 182.842 | 143 | 147.000 | 148 | 167.000 |
| Alls | 11.125 | 2.198.530 | 10.613 | 1.918.969 | 11.423 | 1.626.384 | 9.530 | 1.643.568 | 7.202 | 1.354.000 | 7.607 | 1.748.000 |



*Guðfinnur Þorgeirsson, starfsmaður á netaverkstæði Vinnslustöðvarinnar til ársloka 2007 þegar hann hætti að vinna vegna aldurs*

# Ársreikningur 2007




## Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda . . . . . . . 20

Skýrsla stjórnar . . . . . . . . . . . . . . . . 21

Rekstrarreikningur . . . . . . . . . . . . . 22

Efnahagsreikningur . . . . . . . . . . . . . 23

Yfirlit um eigið fé . . . . . . . . . . . . . . 25

Sjóðstreymi . . . . . . . . . . . . . . . . . 26

Skýringar. . . . . . . . . . . . . . . . . . . 27

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa í Vinnslustöðinni hf.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 7. febrúar 2008.

**Deloitte hf.**

Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi

Þorvarður Gunnarsson
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) samþykkta af Evrópusambandinu auk viðbótar upplýsinga sem krafist er af félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu, auk þess að greina frá áhættustýringu og þeim óvissuþáttum sem félagið kann að mæta.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins námu rekstrartekjur 5.618 milljónum króna á árinu. Hagnaður af rekstri félagsins nam tæpum 636 milljónir króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins tæpum 8.850 milljónum króna í árslok 2007. Eigið fé í lok ársins nam 2.620 milljónum króna og var eiginfjárhlutfallið 29,6%.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 30% arður, stjórnin vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 283 en voru 399 í upphafi árs. Tveir hluthafar eiga meira en 10% hlutafjárins en þeir eru Seil ehf. með 23,93% og Stilla ehf. með 18,31%.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. leggur ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum innan félagsins og hefur tekið tillit til leiðbeinandi tilmæla um stjórnunarhætti fyrirtækja sem gefin voru út af hálfu Kauphallar Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Verslunarráðs Íslands í mars 2004. Stjórnin hefur þó ekki séð ástæðu til að skipa endurskoðunarnefnd né starfskjaranefnd. Hefur stjórnin sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar. Í þessum reglum eru meðal annars ákvæði um fundarsköp, hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, upplýsingargjöf framkvæmdastjóra, meðferð trúnaðarupplýsinga og fleira. Uppfylla reglur stjórnar fyrrgreind tilmæli og eru að sumu leyti ítarlegri en þar er kveðið á um.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf. hafa farið yfir og samþykkt ársreikning félagsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Vestmannaeyjum, 7. febrúar 2008

**Í stjórn**

| | |
|---|---|
| Gunnar Felixson | Haraldur Gíslason |
| Leifur Leifsson | Sigurjón Óskarsson |

**Framkvæmdastjóri**

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson

# Rekstrarreikningur 2007

| | Skýr. | Árið 2007 | Árið 2006 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 3 | 5.550.059.118 | 5.471.914.112 |
| Aðrar tekjur | | 67.534.456 | 320.885.210 |
| Kostnaðarverð seldra afurða | | (2.926.237.105) | (2.741.892.851) |
| Laun og tengd gjöld | | (1.410.116.685) | (1.239.341.419) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (71.501.381) | (67.079.840) |
| Afskriftir | 4,5 | (693.693.156) | (344.068.386) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 516.045.246 | 1.400.416.826 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | | 55.035.819 | (112.035.960) |
| Fjármunatekjur | 21 | 579.169.238 | 104.800.595 |
| Fjármagnsgjöld | 21 | (362.789.912) | (1.116.366.013) |
| Hagnaður fyrir skatta | | 787.460.391 | 276.815.448 |
| Tekjuskattur | 11,14 | (151.649.318) | (69.754.341) |
| **Hagnaður** | | 635.811.073 | 207.061.107 |
| Hagnaður á hverja krónu hlutafjár | | 0,42 | 0,14 |

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 5,6 | 2.669.357.009 | 3.035.111.925 |
| Varanlegar fiskveiðiheimildir | 4 | 3.352.979.353 | 3.359.844.660 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 7 | 647.232.299 | 592.196.480 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 7 | 5.544.645 | 6.827.629 |
| Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur | | 667.988 | 9.037.595 |
| | | 6.675.781.294 | 7.003.018.289 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 8 | 654.189.482 | 666.947.233 |
| Viðskiptakröfur | 9 | 160.389.418 | 339.591.350 |
| Kröfur á hlutdeildarfélög | | 368.196.557 | 112.472.072 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 106.091.857 | 51.910.904 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | | 18.032.871 | 30.154.773 |
| Handbært fé | | 866.924.916 | 993.795.933 |
| | | 2.173.825.101 | 2.194.872.265 |
| **Eignir** | | 8.849.606.396 | 9.197.890.555 |

# 31. desember 2007

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 10 | 1.504.204.857 | 1.504.204.857 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | (135.131.860) | (135.131.860) |
| Lögbundinn varasjóður | | 230.000.000 | 190.000.000 |
| Óráðstafað eigið fé | | 1.021.123.991 | 876.574.264 |
| Eigið fé | | 2.620.196.988 | 2.435.647.261 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldabréfalán | 12 | 4.459.352.783 | 5.565.092.883 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 11 | 370.010.536 | 346.933.329 |
| | | 4.829.363.319 | 5.912.026.212 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 332.245.924 | 252.049.508 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 13 | 745.636.000 | 450.236.000 |
| Reiknaðir skattar ársins | 14 | 128.572.111 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 193.592.054 | 147.931.574 |
| | | 1.400.046.089 | 850.217.082 |
| Skuldir | | 6.229.409.408 | 6.762.243.294 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 8.849.606.396 | 9.197.890.555 |
| **Ábyrgðar- og veðskuldbindingar** | 15 | | |

# Yfirlit yfir breytingar á eigin fé félagsins

| | Hlutafé | Yfirverðsr. hlutafjár | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Yfirfært 1.1.2006 | 1.495.915.481 | (157.508.394) | 170.000.000 | 767.927.896 | 2.276.334.983 |
| Upptaka alþjóðl. staðla | | | | 366.848.516 | 366.848.516 |
| Leiðrétt eigið fé 1.1.2006 | 1.495.915.481 | (157.508.394) | 170.000.000 | 1.134.776.412 | 2.643.183.499 |
| Eigin bréf, breyting | 8.289.376 | 22.376.534 | | | 30.665.910 |
| Greiddur arður | | | | (445.263.255) | (445.263.255) |
| Hagnaður 2006 | | | | 207.061.107 | 207.061.107 |
| Tillag í lögbundinn varasjóð | | | 20.000.000 | (20.000.000) | 0 |
| Eigið fé 31.12.2006 | 1.504.204.857 | (135.131.860) | 190.000.000 | 876.574.264 | 2.435.647.261 |
| Greiddur arður | | | | (451.261.346) | (451.261.346) |
| Tillag í lögbundinn varasjóð | | | 40.000.000 | (40.000.000) | 0 |
| Hagnaður 2007 | | | | 635.811.073 | 635.811.073 |
| Eigið fé 31.12.2007 | 1.504.204.857 | (135.131.860) | 230.000.000 | 1.021.123.991 | 2.620.196.988 |

# Sjóðstreymi 2007

| | Skýr. | Árið 2007 | Árið 2006 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður | | 635.811.073 | 207.061.107 |
| Afskriftir | | 510.688.015 | 344.068.386 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 151.649.318 | 69.754.341 |
| Gengismunur og verðbætur | | (393.394.833) | 1.024.398.438 |
| Sölutap (hagnaður) eigna | | 180.948.030 | (245.228.662) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | (55.035.819) | 112.035.960 |
| Veltufé frá rekstri | | 1.030.665.784 | 1.512.089.570 |
| Vörubirgðir lækkun (hækkun) | | 12.757.751 | (170.498.963) |
| Skammtímakröfur lækkun | | 137.142.881 | 35.371.009 |
| Skammtímaskuldir (lækkun ) | | (129.867.589) | (39.538.238) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 1.050.698.827 | 1.337.423.378 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfest í fasteignum | | 0 | (29.212.568) |
| Fjárfest í fiskiskipum og veiðiheimildum | | (92.343.228) | (440.900.060) |
| Fjárfest í vélum, áhöldum og tækjum | | (279.265.727) | (49.030.155) |
| Afborgun skuldabréfaeigna | | 8.421.131 | 0 |
| Seldir fastafjárm, áhættufjárm og langtímakröfur | | 53.876.117 | 800.252.590 |
| Fjárfest í eignarhlutum | | 0 | (14.024.200) |
| | | (309.311.707) | 267.085.607 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Ný lán og afborganir langtímaskulda | | (416.996.790) | (303.578.504) |
| Skammtímalán (lækkun) | | 0 | (102.615.637) |
| Eigin bréf | | 0 | 30.665.910 |
| Greiddur arður | | (451.261.346) | (445.263.255) |
| | | (868.258.136) | (820.791.486) |
| Hækkun (lækkun) handbærs fjár | | (126.871.016) | 783.717.499 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 993.795.933 | 210.078.434 |
| Handbært fé í árslok | | 866.924.916 | 993.795.933 |

# Skýringar

## Starfsemi

1. Vinnslustöðin hf. í Vestmannaeyjum var stofnuð árið 1946 og er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki með fjölbreytilegan rekstur. Félagið gerir út 2 togskip, 3 netabáta og 3 uppsjávarskip. Fiskvinnsla félagsins samanstendur af saltfiskverkun, humarvinnslu og frystingu bolfisks og uppsjávarfisks. Einnig rekur félagið fiskimjölsverksmiðju.

## Reikningsskilaaðferðir

2. Þetta er fyrsta árið sem Vinnslustöðin hf. birtir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Farið var eftir fyrirmælum IFRS 1, við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna. Upplýsingar um áhrif breytinga við innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna á fjárhagsstöðu og afkomu félagsins er að finna í skýringu nr. 27 og hefur samanburðarfjárhæðum þar sem við á verið breytt til samræmis.

   Á þessu ári hefur Vinnslustöðin hf. innleitt staðalinn IFRS 7 Fjármálagerningar: Skýringar, sem er virkur fyrir ársuppgjör sem byrja á eða eftir 1 janúar 2007, ásamt breytingum á IAS 1 Framsetning reikningsskila.

   Áhrif af innleiðingu IFRS 7 og breytingum á IAS 1 eru auknar kvaðir um veitingu upplýsinga um áhrif fjármálagerninga félagsins og þá áhættu sem þeim tengist, ásamt upplýsingum um fjármagnsuppbyggingu félagsins (sjá skýringu 28 Fjármálagerningar).

   Fjórar túlkanir gefnar út af alþjóðlegu fastanefndinni um túlkanir (IFRIC) urðu virkar á núverandi reikningsskilatímabili. Það eru IFRIC 7 Beiting endurmatsaðferðar samkvæmt IAS 29, Reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir, IFRIC 8 Gildissvið IFRS 2, IFRIC 9, Endurmat innbyggðra afleiða og IFRIC 10, Árshlutauppgjör og virðisrýrnun. Innleiðing þessara túlkana hefur ekki leitt til neinna breytinga í reikningsskilum félagsins.

   Við samþykkt þessa ársreiknings hafa eftirfarandi staðlar verið samþykktir en ekki tekið gildi:

   IAS 23 - (endurbættur) Lántökukostnaður (virkur fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar)
   IFRS 8 - Starfsþáttaryfirlit (virkur fyrir uppgjörstímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar)

   Við samþykkt þessa ársreiknings hefur IFRIC samþykkt eftirfarandi túlkanir, en þær hafa ekki tekið gildi.

   IFRIC 11 - IFRS 2: Samstæða og eignarhlutatengdar greiðslur (tekur gildi 1. mars 2007)
   IFRIC 12 - Ívilnanir frá opinberum aðilum vegna þjónustusamninga (tekur gildi 1. janúar 2008)
   IFRIC 13 - Tryggðarkerfi viðskiptavina (tekur gildi 1. júlí 2008)
   IFRIC 14 - IAS 19, Takmörkunin á réttindatengdum eignum, kvaðir um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra (tekur gildi 1. janúar 20

   Stjórnendur gera ráð fyrir að innleiðing ofangreindra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á reikningsskil félagsins á því timabili sem innleiðing þeirra á sér stað.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda og er hún sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi. Tekjuskattur er reiknaður miðað við gildandi skatthlutfall.
Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismuna ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Frestaður skattur er reiknaður miðað við það skatthlutfall sem talið er að muni verða gildandi þegar eignin nýtist eða skuldin verður greidd. Frestaður skattur er færður í rekstrarreikningi nema þegar hann tengist fjárhæðum sem færðar eru beint í gegnum eigið fé, en þá er skatturinn einnig færður meðal eigin fjár.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum varanlegum veiðiheimildum. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 38 eru eignir þessar ekki afskrifaðar.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt þykir að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði.

Kostnaður varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í nothæft ástand.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

### Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Þegar um er að ræða fjárfestingu í félögum þar sem félagið hefur veruleg áhrif og fjárfestingin flokkast ekki undir það að vera dótturfélag, þá er fjárfestingin meðhöndluð sem hlutdeildarfélag. Beitt er hlutdeildaraðferð við mat á fjárfestingum í hlutdeildarfélögum.

### Eignarhlutar í öðrum félögum

Fjárfestingar í öðrum félögum eru fjárfestingar í hlutafélögum sem ekki falla undir að vera hlutdeildarfélög eða dótturfélög. Slíkum fjárfestingum fylgja hvorki veruleg áhrif né yfirráð. Eignarhlutar í öðrum félögum eru metnir á gangvirði.

### Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu.

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Virðisrýrnun

Félagið hefur tekið upp virðisrýrnunarpróf í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 36. Á reikningsskiladegi fer félagið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna sinna til þess að komast að raun um hvort vísbendingar séu um að eignir þessar hafi orðið fyrir virðisrýrnun. Komi fram einhver slík vísbending, er tekjuvirði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnunin er (sé um slíkt að ræða). Þegar ekki er hægt að meta tekjuvirði einstakra eigna, metur félagið tekjuvirði þeirrar sjóðsskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Tekjuvirði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta.

Sé tekjuvirði eignar metið lægra en bókfært verð, er bókfært verð eignarinnar lækkað í tekjuvirði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki í hærra verð en það sem hefði verið ef virðisrýrnun hefði aldrei verið færð.

### Birgðir

Vörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði/framleiðslukostnaðarverði eða dagverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Framleiðslukostnaður inniheldur hráefni, launakostnað og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar. Dagverð samsvarar áætluðu söluverði að frádregnum kostnaði við sölu og dreifingu. Birgðabreyting afurða er færð meðal rekstrartekna. Rekstrarvörur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar. Undirslegin veiðarfæri eru metin á hálfvirði, en loðnu- og síldarnætur eru metnar að hámarki á helmingi endurkaupsverðs.

### Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og niðurfærslu. Niðurfærslan endurspeglar mat stjórnenda á þeirri virðisrýrnun sem viðskiptakröfur hafa orðið fyrir.

### Afleiðusamningar

Afleiðusamningar eru metnir á gangvirði. Félagið hefur ekki skilgreint afleiðusamninga sem áhætturvörn í samræmi við IAS 39.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af lausu fé og óbundnum bankainnistæðum að frádregnum yfirdráttarlánum.

### Skuldabréfalán

Skuldabréfalán er færð á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum miðað við aðferð virkra vaxta. Eftirstöðvar nafnverðs eru reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabils eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna skuldabréfalána eru færð yfir rekstrarreikning á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaði vegna nýrra lána er dreift á líftíma láns miðað við aðferð virkra vaxta.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

# Skýringar

## Starfsþáttayfirlit

3. Í stjórnunarlegum tilgangi þá er rekstri félagsins að mestu skipt upp í þrjá hluta - fiskvinnslu, útgerð og vörusölu. Annar rekstur félagsins er það lítill að umfangi að honum er ekki skipt upp. Á þessari skiptingu, þ.e. rekstrarstarfsþáttarskiptingu, er því starfsþáttaryfirlit félagsins byggt.

Afkoma starfsþátta ársins 2007 var eftirfarandi:

| | Fiskvinnsla | Útgerð | Vörusala | Innbyrðis sala | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarsala | 3.574.562.968 | 2.405.456.121 | 959.529.796 | (1.389.489.766) | 5.550.059.118 |
| | 3.574.562.968 | 2.405.456.121 | 959.529.796 | (1.389.489.766) | 5.550.059.118 |
| Vergur hagnaður | 322.394.622 | 271.032.002 | 13.620.218 | | 607.046.842 |
| Aðrar tekjur | | | | | 67.534.456 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostn. | | | | | (158.536.052) |
| **Rekstrarhagnaður** | | | | | 516.045.246 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | | | | 55.035.819 |
| Fjárm.t. umfram fjármagnsgj. | | | | | 216.379.326 |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | | | | 787.460.391 |
| Tekjuskattur | | | | | (151.649.318) |
| **Hagnaður ársins** | | | | | **635.811.073** |

Eignir skiptar niður á starfsþætti:

| | Fiskvinnsla | Útgerð | Vörusala | Innbyrðis sala | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 1.314.128.513 | 1.355.228.496 | | | 2.669.357.009 |
| Varanlegar fiskveiðiheimildir | | | | | 3.352.979.353 |
| Aðrar eignir | | | | | 2.827.270.034 |
| **Eignir alls** | | | | | **8.849.606.396** |

Skuldum er ekki skipt niður á starfsþætti:

| | Samtals |
|---|---|
| Langtímaskuldir | 4.829.363.319 |
| Skammtímaskuldir | 1.400.046.089 |
| **Skuldir alls** | **6.229.409.408** |

Afkoma starfsþátta ársins 2006 var eftirfarandi:

| | Fiskvinnsla | Útgerð | Vörusala | Innbyrðis sala | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarsala | 3.501.832.446 | 2.305.894.581 | 892.969.781 | (1.219.182.696) | 5.481.514.112 |
| | 3.501.832.446 | 2.305.894.581 | 892.969.781 | (1.219.182.696) | 5.481.514.112 |
| Vergur hagnaður | 712.071.097 | 501.125.511 | 2.767.277 | | 1.215.963.885 |
| Aðrar tekjur | | | | | 320.885.210 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostn. | | | | | (136.432.269) |
| **Rekstrarhagnaður** | | | | | 1.400.416.826 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | | | | (112.035.960) |
| Fjármagnsg. umfram fjárm.t. | | | | | (1.011.565.418) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | | | | 276.815.448 |
| Tekjuskattur | | | | | (69.754.341) |
| **Hagnaður ársins** | | | | | **207.061.107** |

Eignir skiptar niður á starfsþætti:

| | Fiskvinnsla | Útgerð | Vörusala | Innbyrðis sala | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 1.376.964.147 | 1.658.147.778 | | | 3.035.111.925 |
| Varanlegar fiskveiðiheimildir | | | | | 3.359.844.660 |
| Aðrar eignir | | | | | 2.802.933.970 |
| **Eignir alls** | | | | | **9.197.890.555** |

Skuldum er ekki skipt niður á starfsþætti:

| | Samtals |
|---|---|
| Langtímaskuldir | 5.912.026.212 |
| Skammtímaskuldir | 850.217.082 |
| **Skuldir alls** | **6.762.243.294** |

# Skýringar

## Óefnislegar eignir

4. Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum fiskveiðiheimildum og greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Stofnverð 1.1.2007 | 3.359.844.660 |
| Selt á árinu | (15.565.307) |
| Viðbót á árinu | 90.000.000 |
| Virðisrýrnun | (81.300.000) |
| Stofnverð 31.12.2007 | 3.352.979.353 |

Framkvæmt var virðisrýrnunarpróf á fiskveiðiheimildir félagsins og var niðurstaðan sú að verðmæti fiskveiðiheimilda hafði rýrnað um 81,3 milljónir króna. Ástæða rýrnunarinnar var fyrst og fremst verðmætaminnkun í Skötusel, Skrápflúru og Sandkola.

Fiskiskip félagsins höfðu í upphafi fiskveiðiársins, sem hófst 1. september 2007, til ráðstöfunar um 15.008 þorskígildistonn.

## Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir og lóðir | Skip og fylgihlutir | Vélar og framleiðslutæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 1.1.2007 | 1.806.846.111 | 3.828.565.519 | 2.371.355.513 | 8.006.767.143 |
| Selt eða niðurfært á árinu | (526.339.395) | 0 | (1.002.108.862) | (1.528.448.257) |
| Viðbót á árinu | 158.026.085 | 2.343.228 | 121.239.642 | 281.608.955 |
| Stofnverð 31.12.2007 | 1.438.532.801 | 3.830.908.747 | 1.490.486.293 | 6.759.927.841 |
| | | | | |
| Afskrifað áður | 851.225.184 | 2.170.417.741 | 1.950.012.294 | 4.971.655.219 |
| Selt eða niðurfært á árinu | (409.895.675) | 0 | (900.576.726) | (1.310.472.401) |
| Afskrifað á árinu | 56.034.524 | 303.262.510 | 70.090.981 | 429.388.015 |
| Afskrifað samtals 31.12.2007 | 497.364.033 | 2.473.680.251 | 1.119.526.549 | 4.090.570.833 |
| | | | | |
| Bókfært verð 31.12.2007 | 941.168.768 | 1.357.228.500 | 370.959.742 | 2.669.357.009 |

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna | 429.388.015 |
| Sölutap varanlegra rekstrarfjármuna | 183.005.141 |
| Virðisrýrnun óefnislegra eigna sbr. skýringu 4 | 81.300.000 |
| | 693.693.156 |

Fyrningar eru reiknaðar útfrá kostnaðarverði að frádregnu hrakvirði miðað við áætlaðan nýtingartíma viðkomandi eigna í hendi félagsins. Á hverjum reikningsskiladegi meta stjórnendur hrakvirði og áætlaðan nýtingartíma.

Áætlaður nýtingartími skiptist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 25 ár |
| Skip | 8 - 17 ár |
| Vélar og framleiðslutæki | 5 - 9 ár |

# Skýringar

## Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (frh.)

6. Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í lok ársins greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir: | | | |
| Fiskimjölsverksmiðja | 286.220.000 | 821.670.000 | 479.411.070 |
| Fiskiðjuver | 217.597.000 | 1.136.189.000 | 237.559.822 |
| Aðrar eignir | 109.587.000 | 220.763.000 | 224.197.876 |
| | 613.404.000 | 2.178.622.000 | 941.168.768 |
| Skip og fylgihlutir: | | | |
| Kap II VE-7 | | 170.430.000 | 113.559.583 |
| Sighvatur Bjarnason VE-81 | | 282.668.000 | 407.742.135 |
| Gandí VE-171 | | 89.752.000 | 27.490.135 |
| Jón Vídalín VE-82 | | 182.630.000 | 119.253.537 |
| Drangavík VE-80 | | 165.710.000 | 109.819.246 |
| Brynjólfur VE-3 | | 170.000.000 | 131.214.623 |
| Kap VE-4 | | 375.628.000 | 306.841.598 |
| Ísleifur VE-63 | | 150.000.000 | 141.307.643 |
| | | 1.586.818.000 | 1.357.228.500 |
| Vélar og framleiðslutæki | | 2.147.834.000 | 370.959.742 |
| | 613.404.000 | 5.913.274.000 | 2.669.357.009 |

## Eignarhlutar í félögum

7.

| | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum: | | | |
| Huginn ehf | 48,0% | 2.187.194 | 628.947.584 |
| About Fish ehf | 49,0% | 2.940.000 | 17.184.715 |
| Rannsóknarþjónusta Vestmannaeyja ehf | 34,0% | 1.100.000 | 1.100.000 |
| | | | 647.232.299 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum: | | | |
| Eignarhaldsfélag hlutafélaga ehf | 2,8% | 329.000 | 387.293 |
| Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf | 8,0% | 2.410.000 | 4.779.358 |
| Ísfélag Þorlákshafnar hf | 0,6% | 828.527 | 1.894.542 |
| Kraftplast ehf | 4,8% | 1.000.000 | 1.000.000 |
| H. Sigmundsson ehf | 6,7% | 750.000 | 800.082 |
| Virðisrýrnun | | | (3.316.630) |
| | | | 5.544.645 |
| | | | 652.776.944 |

## Birgðir

8. Birgðir félagsins í árslok greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Afurða- og hráefnisbirgðir | 478.764.123 |
| Veiðarfærabirgðir | 144.096.000 |
| Rekstrarvörubirgðir | 31.329.359 |
| | 654.189.482 |

Vátryggingamat afurðabirgða á reikningsskiladegi var 1.080 milljónir króna og veiðarfæri og afli skipa var tryggður fyrir 358,7 milljónir króna.

## Viðskiptakröfur

9. Viðskiptakröfur og niðurfærsla þeirra í árslok greinast þannig:

| | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 180.389.418 | 359.591.350 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | (20.000.000) | (20.000.000) |
| | 160.389.418 | 339.591.350 |

## Eigið fé

10. Heildarhlutafé félagsins er kr. 1.565.000.000 eins og kveðið er á um í samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Hlutafé samkvæmt ársreikningi nemur kr. 1.504.204.857 og greinist það þannig:

| | |
|---|---|
| Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins | 1.565.000.000 |
| Eigin hlutabréf | (60.795.143) |
| | 1.504.204.857 |

## Tekjuskattskuldbinding

11. Tekjuskattsskuldbinding félagsins nemur kr. 370.010.536 í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi.

Breyting skattskuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2007 | 346.933.329 |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2008 | (128.572.111) |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2007 | 151.649.318 |
| | 370.010.536 |

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 91.535.405 |
| Óefnislegar eignir | 281.831.173 |
| Aðrir liðir | (3.356.042) |
| | 370.010.536 |

# Skýringar

## Langtímaskuldir

12. Yfirlit langtímaskulda:

| | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum: | | |
| Skuldir í USD | 932.234.940 | 1.164.980.627 |
| Skuldir í JPY | 600.667.510 | 694.815.441 |
| Skuldir í GBP | 426.602.374 | 506.328.279 |
| Skuldir í CHF | 745.554.211 | 854.472.505 |
| Skuldir í EUR | 1.928.031.817 | 2.150.412.965 |
| Skuldir í öðrum myntum | 61.358.501 | 71.410.265 |
| | 4.694.449.353 | 5.442.420.082 |
| Skuldir í íslenskum krónum | 510.539.430 | 572.908.801 |
| | 5.204.988.783 | 6.015.328.883 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (745.636.000) | (450.236.000) |
| Langtímaskuldir samkvæmt ársreikningi | 4.459.352.783 | 5.565.092.883 |

13. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 745.636.000 | 450.236.000 |
| Afborganir 2009 | 932.853.000 | 753.570.000 |
| Afborganir 2010 | 766.056.000 | 995.815.000 |
| Afborganir 2011 | 480.039.000 | 820.754.000 |
| Afborganir 2012 | 290.168.000 | 531.881.000 |
| Afborganir síðar | 1.990.236.783 | 243.072.883 |
| | 5.204.988.783 | 3.795.328.883 |

## Skattamál

14. Skattar á afkomu ársins hafa verið reiknaðir og færðir í ársreikninginn. Reiknaður tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á árinu 2008 er kr. 128.572.111.

## Ábyrgðir og veðskuldbindingar

15. Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess, sem voru að eftirstöðvum um 89,2 milljónir króna. Auk þess eru áhvílandi á eignunum tryggingarbréf samtals um 5.482,4 milljónir króna.

| Veðsetningar greinast þannig á eignaflokka: | Eftirstöðvar skuldbindinga | Tryggingar-bréf | Bókfært verð eigna |
|---|---|---|---|
| Fiskiskip og veiðiheimildir | 73.267.039 | 5.198.926.398 | 4.710.207.853 |
| Fasteignir og lóðir | 15.935.848 | 283.443.944 | 941.168.768 |
| | 89.202.887 | 5.482.370.342 | 5.651.376.621 |

16. Félagið hefur gert valréttarsamning við lánastofnanir í þeim tilgangi að takmarka vaxta- og gengisáhættu.

# Skýringar

## Önnur mál

17. Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu vegna bruna- og vatnstjóns og nemur bótafjárhæðin allt að 1.260 milljónum króna.

18. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Laun | 1.194.197.847 | 1.059.015.569 |
| Launatengd gjöld | 236.521.729 | 201.496.952 |
| | 1.430.719.576 | 1.260.512.521 |
| Meðalfjöldi starfa | 204 | 203 |

19. Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu og hlutabréfaeign þeirra í lok þess sundurliðast þannig:

| | Laun | Hlutabréfaeign |
|---|---|---|
| Gunnar Felixson, stjórnarformaður | 1.100.000 | 0 |
| Haraldur Gíslason, varaformaður | 550.000 | 26.913.038 |
| Guðmundur Kristjánsson, varastjórnarmaður | 330.000 | 182.289.661 |
| Hjálmar Kristjánsson, stjórnarmaður | 550.000 | 318.469.249 |
| Kristín Gísladóttir, varastjórnarmaður | 440.000 | 53.827.441 |
| Leifur Leifsson, stjórnarmaður | 550.000 | 17.607.303 |
| Sigurjón Óskarsson, stjórnarmaður | 550.000 | 52.904.217 |
| Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri | 14.859.783 | 126.424.394 |
| Framkvæmdaráð (4) | 44.236.390 | 14.261.392 |
| | 63.166.173 | 792.696.695 |

Auk ofangreindrar hlutabréfaeignar þá eiga stjórnarmaðurinn Haraldur Gíslason, varastjórnarmaðurinn Kristín Gísladóttir og framkvæmdastjórinn Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson sameiginlega félagið Seil ehf. að fullu, sem á 374.459.320 hluti í Vinnslustöðinni hf. Ekkert þeirra er með ráðandi hlut í félaginu.

20. Þóknun fyrir endurskoðun og aðrar greiðslur til endurskoðenda sundurliðast þannig:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Endurskoðun | 5.386.804 | 5.319.539 |
| Önnur verkefni | 2.286.530 | 1.679.557 |
| | 7.673.334 | 6.999.096 |

Í þóknun fyrir endurskoðun felst vinna við endurskoðun á ársreikningi og árshlutareikningum auk vinnu sem stjórn félagsins hefur falið endurskoðendum og telst falla undir eðlilegan hluta af starfi þeirra. Undir önnur verkefni fellur einkum skattaráðgjöf, ráðgjöf vegna reikningsskila og önnur fjárhagsleg ráðgjöf.

21. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 27.372.179 | 119.402.076 |
| Verðbreytingar á verðbréfum á verðbréfamarkaði | 116.013.917 | (89.458.152) |
| Söluhagnaður áhættufjármuna | 2.387.160 | 64.864.618 |
| Gengismunur | 423.316.371 | 0 |
| Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður | 10.079.611 | 9.992.053 |
| | 579.169.238 | 104.800.595 |
| Vaxtagjöld | (273.757.126) | (280.236.193) |
| Gengismunur og verðbætur | (89.032.786) | (836.129.820) |
| | (362.789.912) | (1.116.366.013) |
| | 216.379.326 | (1.011.565.418) |

## Önnur mál (framhald)

22. Úthlutaðar veiðiheimildir til fiskiskipa félagsins á fiskveiðiárinu frá 1.9.2007 til 31.8.2008 eru eftirfarandi, auk stöðu aflamarks hverrar tegundar í árslok:

| | Aflahlutdeild í prósentum | Úthlutað aflamark í tonnum | Aflamark í þorskígildis tonnum | Staða aflamarks í árslok í tonnum |
|---|---|---|---|---|
| Veiðiheimildir í bolfiski | | | | |
| Þorskur | 2,2584% | 2.325 | 2.325 | 2.765 |
| Ýsa | 2,6310% | 2.104 | 1.725 | 2.140 |
| Ufsi | 5,3884% | 3.290 | 1.415 | 1.851 |
| Karfi | 6,1769% | 3.521 | 2.113 | 3.781 |
| Langa | 4,9816% | 279 | 179 | 272 |
| Keila | 1,1713% | 58 | 22 | 58 |
| Steinbítur | 0,7496% | 76 | 52 | 73 |
| Skötuselur | 6,8597% | 154 | 271 | 108 |
| Úthafskarfi | 0,7686% | 162 | 112 | 0 |
| Grálúða | 2,5538% | 352 | 588 | 411 |
| Skarkoli | 4,0469% | 242 | 247 | 83 |
| Þykkvalúra | 3,4392% | 70 | 102 | 54 |
| Langlúra | 3,5492% | 78 | 41 | 80 |
| Sandkoli | 4,1609% | 57 | 21 | 72 |
| Skrápflúra | 3,8951% | 36 | 10 | 47 |
| | | 12.804 | 9.222 | 11.793 |
| Aðrar veiðiheimildir | | | | |
| Humar | 17,4092% | 102 | 515 | 103 |
| Rækja | 0,6280% | 44 | 25 | 32 |
| Síld | 9,9818% | 14.973 | 1.497 | 0 |
| Loðna | 10,2531% | 12.483 | 1.123 | 12 |
| Norsk-íslensk síld | 6,8158% | 15.012 | 2.102 | 0 |
| Kolmunni | 3,6869% | 7.478 | 523 | 1 |
| | | 50.092 | 5.786 | 149 |
| Aflaheimildir alls | | 62.896 | 15.008 | 11.942 |

Aflaheimildir í loðnu eru reiknaðar út miðað við 122 þúsund tonna heildarúthlutun og aflaheimildir í úthafskarfa eru miðaðar við heildarúthlutun síðasta almanaksárs.

# Skýringar

## Sjóðstreymi

23. Fimm ára yfirlit um sjóðstreymi á verðlagi hvers árs:

| | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| Afkoma ársins | 635.811.073 | 207.061.107 | 441.916.280 | 814.191.416 | 249.307.594 |
| Afskriftir | 510.688.015 | 344.068.386 | 360.240.376 | 392.391.218 | 542.105.420 |
| Reiknaður tekjuskattur og verðbreytingarfærsla | 151.649.318 | 69.754.341 | 97.043.921 | 99.607.345 | 0 |
| Verðbreytingar langtímaskulda | (393.394.833) | 1.024.398.438 | (100.260.322) | (456.587.302) | (115.358.328) |
| Aðrar breytingar | 125.912.211 | (133.192.702) | 19.338.572 | (23.602) | 38.446.159 |
| **Hreint veltufé frá rekstri** | 1.030.665.784 | 1.512.089.570 | 818.278.827 | 849.579.075 | 714.500.845 |
| Breyting á: | | | | | |
| Rekstrartengdum eignum | 149.900.632 | (135.127.954) | (313.961.604) | 127.415.177 | 111.300.543 |
| Rekstrartengdum skuldum | (129.867.589) | (39.538.238) | 77.645.935 | 20.857.163 | 91.677.156 |
| **Handbært fé frá rekstri** | 1.050.698.827 | 1.337.423.378 | 581.963.158 | 997.851.415 | 917.478.544 |

## Kennitölur

24. Úr rekstrarreikningi:

| | 2007 | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir afskriftir / tekjur | 21,53% | 30,11% | 19,65% |
| Hagnaður ársins / tekjur | 11,32% | 3,57% | 10,03% |
| a) Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) | 1.209.738.402 | 1.744.485.212 | 865.934.500 |
| Arðsemi eigin fjár | 25,15% | 8,79% | 18,47% |

25. Úr efnahagsreikningi:

| | 31.12 2007 | 31.12 2006 | 31.12 2005 |
|---|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 1,55 | 2,58 | 0,96 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 29,61% | 26,48% | 27,40% |
| Innra virði hlutafjár - eigið fé/hlutafé | 1,74 | 1,62 | 1,52 |
| Hagnaður á hlut (EPS) | 0,42 | 0,14 | 0,30 |

26. Úr sjóðstreymi ársins:

| | | | |
|---|---|---|---|
| b) Skuldaþekja handbærs fjár | 0,10 | 0,13 | 0,02 |
| c) Gæði sölunnar | 0,99 | 1,01 | 0,97 |
| d) Gæði afkomunnar | 1,65 | 6,46 | 1,32 |

a) EBITDA inniheldur söluhagnaður aflaheimilda að fjárhæð kr. 297.504.150 á árinu 2006

b) Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum / heildarskuldir

c) Innborgaðar tekjur / bókfærðar tekjur

d) Handbært frá rekstri / afkoma

## Skýring vegna innleiðingar IFRS

27. Þetta er fyrsta árið sem fyrirtækið færir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Í samræmi við fyrirmæli IFRS 1 þá er hér að neðan skýring vegna innleiðingar IFRS. Síðustu reikningsskil félagsins sem voru gerð í samræmi við íslensk ársreikningalög voru fyrir árið 2006. Upptökudagur (transition date) miðast við 1. janúar 2006.

Áhrif innleiðingar IFRS á eigið fé félagsins á upptökudegi, 1.1.2006 (í þús. króna):

| | Fyrri reikningsskil | Áhrif upptöku IFRS | IFRS |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 3.188.110 | 0 | 3.188.110 |
| Varanlegar fiskveiðiheimildir | 2.758.301 | 342.205 | 3.100.506 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 1.052.808 | 122.996 | 1.175.804 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 8.340 | (2.369) | 5.970 |
| Skuldabréf og aðrar langtímakröfur | 17.307 | 0 | 17.307 |
| Samtals fastafjármunir | 7.024.865 | 462.832 | 7.487.697 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 496.448 | (22.923) | 473.525 |
| Viðskiptakröfur | 368.680 | 0 | 368.680 |
| Kröfur á hlutdeildarfélög | 134.087 | 0 | 134.087 |
| Aðrar skammtímakröfur | 54.188 | 0 | 54.188 |
| Fyriframgreiddur kostnaður | 19.946 | 7.468 | 27.414 |
| Handbært fé | 210.078 | 0 | 210.078 |
| Samtals veltufjármunir | 1.283.428 | (15.456) | 1.267.972 |
| Samtals eignir | 8.308.293 | 447.376 | 8.755.669 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 1.495.915 | 0 | 1.495.915 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | (157.508) | 0 | (157.508) |
| Lögbundinn varasjóður | 170.000 | 0 | 170.000 |
| Óráðstafað eigið fé | 767.928 | 366.849 | 1.134.776 |
| Samtals eigið fé | 2.276.335 | 366.849 | 2.643.183 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldabréfalán | 4.493.480 | 0 | 4.493.480 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 196.651 | 80.528 | 277.179 |
| Skuldir við lánastofnanir | 299.293 | 0 | 299.293 |
| Viðskiptaskuldir | 280.065 | 0 | 280.065 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 603.014 | 0 | 603.014 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 159.454 | 0 | 159.454 |
| Samtals skuldir | 6.031.958 | 80.528 | 6.112.486 |
| Samtals eigið fé og skuldir | 8.308.293 | 447.376 | 8.755.669 |

# Skýringar

## Skýring vegna innleiðingar IFRS (frh.)

Áhrif innleiðingar IFRS á eigið fé félagsins 31.12.2006 (í þús. króna):

| | Fyrri reikningsskil | Áhrif upptöku IFRS | IFRS |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 3.035.112 | 0 | 3.035.112 |
| Varanlegar fiskveiðiheimildir | 3.017.639 | 342.205 | 3.359.845 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 601.796 | (9.600) | 592.196 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 9.197 | (2.369) | 6.828 |
| Skuldabréf og aðrar langtímakröfur | 9.038 | 0 | 9.038 |
| Samtals fastafjármunir | 6.672.782 | 330.236 | 7.003.018 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 711.458 | (44.511) | 666.947 |
| Viðskiptakröfur | 339.591 | 0 | 339.591 |
| Kröfur á hlutdeildarfélög | 112.472 | 0 | 112.472 |
| Aðrar skammtímakröfur | 51.911 | 0 | 51.911 |
| Fyriframgreiddur kostnaður | 21.994 | 8.161 | 30.155 |
| Handbært fé | 993.796 | 0 | 993.796 |
| Samtals veltufjármunir | 2.231.222 | (36.350) | 2.194.872 |
| Samtals eignir | 8.904.005 | 293.886 | 9.197.891 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 1.504.205 | 0 | 1.504.205 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | (135.132) | 0 | (135.132) |
| Lögbundinn varasjóður | 190.000 | 0 | 190.000 |
| Óráðstafað eigið fé | 637.316 | 239.258 | 876.574 |
| Samtals eigið fé | 2.196.389 | 239.258 | 2.435.647 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldabréfalán | 5.565.093 | 0 | 5.565.093 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 292.306 | 54.627 | 346.933 |
| Viðskiptaskuldir | 252.050 | 0 | 252.050 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 450.236 | 0 | 450.236 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 147.932 | 0 | 147.932 |
| Samtals skuldir | 6.707.616 | 54.627 | 6.762.243 |
| Samtals eigið fé og skuldir | 8.904.005 | 293.886 | 9.197.891 |

## Skýring vegna innleiðingar IFRS (frh.)

Áhrif innleiðingar IFRS á afkomu félagsins 31.12. 2006 (í þús. króna):

| | Fyrri reikningsskil | Áhrif upptöku IFRS | IFRS |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 5.481.514 | (9.600) | 5.471.914 |
| Aðrar tekjur | 320.885 | 0 | 320.885 |
| Kostnaðarverð seldra afurða | (2.720.305) | (21.588) | (2.741.893) |
| Laun og tengd gjöld | (1.239.341) | 0 | (1.239.341) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | (67.080) | 0 | (67.080) |
| Afskriftir | (344.068) | 0 | (344.068) |
| Rekstrarhagnaður | 1.431.604 | (31.188) | 1.400.417 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | (112.036) | 0 | (112.036) |
| Fjármunatekjur | 227.796 | (122.996) | 104.801 |
| Fjármagnsgjöld | (1.117.059) | 693 | (1.116.366) |
| Hagnaður fyrir skatta | 430.306 | (153.490) | 276.815 |
| Tekjuskattur | (95.655) | 25.900 | (69.754) |
| Hagnaður ársins | 334.651 | (127.590) | 207.061 |

Hér að framan hafa verið dregnar fram töluleg áhrif af innleiðingu IFRS. Til útskýringar þá er hér að aftan umfjöllun um helstu breytingar sem gerðar voru.

### Varanlegar fiskveiðiheimildir

Varanlegar fiskveiðiheimildir rýrna ekki við notkun og því eru þær meðhöndlaðar sem óefnislegar eignir með óskilgreinanlegan líftíma. IFRS kveður á um að slíkar eignir skuli ekki afskrifa heldur skuli þær yfirfarnar m.t.t. virðisrýrnunar árlega eða oftar séu uppi vísbendingar um virðisrýrnun. Við innleiðingu IFRS voru varanlegar fiskveiðiheimildir leiðréttar fyrir afskriftum og endurmati frá stofnun þeirra í bókum félagsins.

### Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

Reikningshaldsleg meðhöndlun á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum hefur verið leiðrétt til samræmis við IFRS. Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum eru færðir á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup. Yfirverð er meðhöndlað með sama hætti og sú eign sem það tengist. Yfirverð sem ekki er hægt að heimfæra á tilteknar eignir/skuldir með áreiðanlegum hætti er meðhöndlað sem viðskiptavild og því háð árlegu virðisrýrnunarprófi.

### Vörubirgðir

Félagið hefur breytt nálgun sinni á birgðaverðmæti til samræmis við IFRS. Í stað þess að beita áætlaðri flatri niðurfærslu á heildarbirgðir sínar þá er birgðum nú skipt niður ítarlegar og hver birgðaflokkur metinn með tilliti til raunverulegs kostnaðar við framleiðslu.

### Tekjuskattsáhrif

Tekið er tillit til áhrifa af breytingu efnahagsliða á frestaðan tekjuskatt eftir því sem við á hverju sinni.

# Skýringar

## Skýring vegna innleiðingar IFRS (frh.)

### Aðrar breytingar

Sem dæmi um aðrar breytingar á efnahagsreikningi félagsins í kjölfar innleiðingar IFRS, má nefna að fjárfestingar félagsins í hlutabréfum eru metnar á gangvirði og að lántökukostnaður af lántökum er nú eignfærður sem hluti af lántöku og dreift á líftíma láns miðað við aðferð virkra vaxta.

### Breytingar á rekstrarreikningi

Þær breytingar sem urðu á rekstrarreikningi ársins 2006 í kjölfar innleiðingar IFRS eru í öllum tilvikum afleiðing af þeim breytingum á efnahagsreikningi sem nefndar eru hér að ofan.

## Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum

28. **Vaxtaáhætta**

Fjármögnun félagsins byggist að mestu leyti upp á langtímaskuldum í erlendri mynt sem bera breytilega vexti. Félagið býr því við þá áhættu að hækkandi vextir muni leiða til hækkunar á vaxtakostnaði vegna fjármögnunar.

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á nettó vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.
Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

| | **2007** | | **2006** | |
|---|---|---|---|---|
| | 50 pkt | 100 pkt | 50 pkt | 100 pkt |
| Áhrif á afkomu og eigið fé ....................................... | (18.967.340) | (37.934.680) | (19.997.344) | (39.994.689) |

### Gengisáhætta

Stærstur hluti af fjármögnun félagsins er í erlendri mynt en á móti erlendri fjármögnun á félagið einnig bankainnstæður í erlendri mynt. Gengisáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Félagið hefur gert afleiðusamninga til að verja sig gegn þessarri hættu. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar félagsins sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Upplýsingar um gengi taka til kaupgengis en ársflökt er reiknað út frá meðalgengi.

| | Árslokagengi | | Meðalgengi | | Arsflökt |
|---|---|---|---|---|---|
| Mynt | 2007 | 2006 | 2007 | 2006 | 2007 |
| EUR ................................................ | 90,95 | 94,35 | 87,60 | 87,75 | 12,54% |
| GBP ................................................ | 124,0 | 140,6 | 128,1 | 128,8 | 12,36% |
| JPY ................................................ | 0,552 | 0,603 | 0,544 | 0,601 | 19,77% |
| CHF ................................................ | 54,96 | 58,71 | 53,33 | 55,77 | 14,83% |
| DKK ................................................ | 12,19 | 12,65 | 11,76 | 11,76 | 12,55% |
| NOK ................................................ | 11,41 | 11,42 | 10,94 | 10,90 | 13,00% |
| SEK ................................................ | 9,657 | 10,42 | 9,470 | 9,490 | 12,74% |
| USD ................................................ | 61,85 | 71,66 | 64,00 | 69,81 | 14,13% |
| CAD ................................................ | 62,99 | 61,71 | 59,77 | 61,60 | 13,24% |

## Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum (frh.)

Gengisáhætta 31.12 2007

| | Eignir | Skuldir | Nettó staða |
|---|---|---|---|
| EUR | 13.657.488 | 1.917.490.349 | (1.903.832.861) |
| GBP | 16.831.778 | 424.547.933 | (407.716.156) |
| JPY | 394.964 | 597.202.953 | (596.807.989) |
| CHF | 645.082 | 442.583.469 | (441.938.387) |
| DKK | 51.855 | 0 | 51.855 |
| NOK | 1.186.344 | 0 | 1.186.344 |
| SEK | 3.453.653 | 61.004.740 | (57.551.087) |
| USD | 11.479.142 | 927.735.028 | (916.255.886) |
| CAD | 150.441 | 0 | 150.441 |

Gengisáhætta 31.12 2006

| | Eignir | Skuldir | Nettó staða |
|---|---|---|---|
| EUR | 11.561.865 | 2.061.558.530 | (2.049.996.665) |
| GBP | 10.061.697 | 444.237.488 | (434.175.792) |
| JPY | 502.996 | 632.338.222 | (631.835.225) |
| CHF | 531.860 | 795.558.357 | (795.026.497) |
| DKK | 80.671 | 0 | 80.671 |
| NOK | 197.277 | 0 | 197.277 |
| SEK | 7.858 | 65.821.221 | (65.813.363) |
| USD | 3.831.168 | 1.000.750.734 | (996.919.566) |
| CAD | 234.575 | 0 | 234.575 |

### Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til eru að verulegum hluta erlendar lántökur og erlendar bankainnstæður. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting þeirra undirliggjandi fjármálagerninga í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun íslensku krónunnar um 5% og 10% gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

## Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum (frh.)

| Áhrif á afkomu og eigið fé | 2007 | | 2006 | |
|---|---|---|---|---|
| | 5% | 10% | 5% | 10% |
| EUR | (78.057.147) | (156.114.295) | (84.049.863) | (168.099.727) |
| GBP | (16.716.362) | (33.432.725) | (17.801.207) | (35.602.415) |
| JPY | (24.469.128) | (48.938.255) | (25.905.244) | (51.810.488) |
| CHF | (18.119.474) | (36.238.948) | (32.596.086) | (65.192.173) |
| DKK | 2.126 | 4.252 | 3.307 | 6.615 |
| NOK | 48.640 | 97.280 | 8.088 | 16.177 |
| SEK | (2.359.595) | (4.719.189) | (2.698.348) | (5.396.696) |
| USD | (37.566.491) | (75.132.983) | (40.873.702) | (81.747.404) |
| CAD | 6.168 | 12.336 | 9.618 | 19.235 |

### Útlánaáhætta

Stefna félagsins varðandi útlánaáhættu er sú að að hafa þætti sem hana varða í eðlilegu samhengi við heildarefnahag félagsins. Gagna er aflað um skuldara eins og mögulegt er áður en til útlána er stofnað en útlán eru tryggð þegar talin er ástæða til þess. Afleiðusamningar eru að sama skapi gerðir við traust fjármálafyrirtæki, fylgst er náið með breytingum á gengi mynta og líklegum hreyfingum á gjaldeyrismörkuðum til að bregðast við áhættu er varðar opna afleiðusamninga. Þak er sett á heimild stjórnenda til notkunar á afleiðusamningum til áhættuvarna. Félagið hefur ekki skilgreint afleiðusamninga sem áhættuvörn samkvæmt IAS 39.

Hámarksútlánaáhætta félagsins er sú staða sem er sundurliðuð hér að neðan.

| Sundurliðun á þeim eignum sem tengjast útlánaáhættu | Bókfærð staða | |
|---|---|---|
| | 31.12 2007 | 31.12 2006 |
| Viðskiptakröfur | 160.389.418 | 339.591.350 |
| Aðrar kröfur | 474.470.002 | 173.420.571 |
| Handbært fé | 867.411.316 | 993.795.933 |
| Veittar ábyrgðir | 0 | 258.436.053 |
| | 1.502.270.736 | 1.765.243.907 |

## Greining á áhættu tengdri fjármálagerningum (frh.)

### Lausafjáráhætta

Lausafjárstaða félagsins er sterk. Í töflunni hér að neðan má sjá að lausar eignir standa vel undir afborgunum og greiðslum skulda á árinu 2008.

| | Vegnir meðalvextir | Innan eins árs | 1-5 ár | Eftir 5 ár | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Skuldir 31.12 2007** | | | | | |
| Með fljótandi vöxtum | 5,48% | 354.966.000 | 2.650.880.000 | 1.688.592.783 | 4.694.438.783 |
| Með föstum vöxtum | 7,00% | 390.670.000 | 119.880.000 | 0 | 510.550.000 |
| Óvaxtaberandi | - | 525.837.978 | 0 | 0 | 525.837.978 |
| | | 1.271.473.978 | 2.770.760.000 | 1.688.592.783 | 5.730.826.761 |
| **Eignir 31.12 2007** | | | | | |
| Handbært fé | | 867.411.316 | 0 | 0 | 867.411.316 |
| Viðskiptakröfur | | 160.389.418 | 0 | 0 | 160.389.418 |
| Kröfur á hlutdeildarfélög | | 368.196.557 | 0 | 0 | 368.196.557 |
| Aðrar kröfur | | 105.605.457 | 667.988 | 0 | 106.273.445 |
| | | 1.501.602.748 | 667.988 | 0 | 1.502.270.736 |
| **Nettó staða 31.12 2007** | | 230.128.770 | (2.770.092.012) | (1.688.592.783) | (4.228.556.025) |

| **Skuldir 31.12 2006** | Vegnir meðalvextir | Innan eins árs | 1-5 ár | Eftir 5 ár | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Með fljótandi vöxtum | 4,98% | 359.578.000 | 3.461.807.000 | 1.606.353.883 | 5.427.738.883 |
| Með föstum vöxtum | 7,00% | 77.130.000 | 510.460.000 | 0 | 587.590.000 |
| Aðrar skuldir, óvaxtaberandi | - | 399.981.082 | 0 | 0 | 399.981.082 |
| | | 836.689.082 | 3.972.267.000 | 1.606.353.883 | 6.415.309.965 |
| **Eignir 31.12 2006** | | | | | |
| Handbært fé | | 993.795.933 | 0 | 0 | 993.795.933 |
| Viðskiptakröfur | | 339.591.350 | 0 | 0 | 339.591.350 |
| Kröfur á hlutdeildarfélög | | 112.472.072 | 0 | 0 | 112.472.072 |
| Aðrar kröfur | | 51.926.942 | 9.021.557 | 0 | 60.948.499 |
| | | 1.497.786.297 | 9.021.557 | 0 | 1.506.807.854 |
| **Nettó staða 31.12 2006** | | 661.097.215 | (3.963.245.443) | (1.606.353.883) | (4.908.502.111) |

## Samþykki ársreiknings

29. Ársreikningurinn var samþykktur af framkvæmdastjóra og stjórn félagsins og leyfður til birtingar þann 7. febrúar 2008.

## Mannlíf í Vinnslustöðinni




*Vesna Manojlovic.*

## Mannlíf í Vinnslustöðinni



*Ingi Júlíusson, verkstjóri í frystingu.*